


VIÐAUKI 4

Tíðniuppbygging sjónvarpsrása fyrir streng.



Mynd 1. Tíðniróf sjónvarpsrása.

Rásir	Bandbreidd rása	Tíðni
2-4	7 MHz	47- 68 MHz
S1-S10	7 MHz	104-174 MHz
5-12	7 MHz	174-230 MHz
S11-S20	7 MHz	230-300 MHz
S21-S37	8 MHz	302-438 MHz
21-37	8 MHz	470-606 MHz
38-68	8 MHz	606-854 MHz

REGLUGERÐ

um 3ju breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

1. gr.

56. gr. 3. tl. hljóði svo:

Sérhver bygging með íbúðarhúsnæði skal vera þannig gerð, viðhaldið, umgengin og þrífín að hvorki þeir sem í henni dveljast né nálægir íbúar hljóti heilsutjón eða óþægindi af.

2. gr.

Ný málsgrein er verði 82. gr. 13. tl. 3. hljóði svo:

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu eldisfisk, eða afurðir eldisfisks, nema fisknum hafi verið slátrað undir eftirliti héraðsdýralæknis og vörunni fylgi vottorð um uppruna staðfest af viðkomandi héraðsdýralækni.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. janúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.